



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrennis  
Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg  
Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

28. janúar 2020

MÍ201805-0126/ 6.09 / G.G.G.

### Efni: Jörfi Grundarhverfi á Kjalarnesi – fornleifar

Með tölvupósti þann 22.5.2018 óskaði Hrefna Þórsdóttir lögfræðingur hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar eftir upplýsingum frá Minjastofnun Íslands um fornleifar á eftirtöldum lóðum í eigu Reykjavíkurborgar í landi Jörfa á Kjalarnesi:

Búagrund 16

Helgugrund 9, 11, 12, 14

Jörfagrund 11,12,13,14, 41-45, 47-51

Í svari undirritaðar þann 23.5.2018 kom fram að til þess að stofnunin gæfi álit þyrfti að endurskoða fornleifaskrá frá 2003. Í tölvupósti 15.10.2018 óskaði Anna Lísu Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá Borgarsögusafni eftir upplýsingum um hvaða kröfur Minjastofnun Íslands geri um fornleifaskráningu á ofangreindum lóðum við Jörfagrund. Í bréfi Minjastofnunar frá 15.11.2018 var sett fram krafa um að fornleifaskrá frá 2003 yrði uppfærð í samræmi við núgildandi lög um menningarminjar nr. 80/2012 og staðla Minjastofnunar og reglur um skil á skráningargögnum.

Minjastofnun Íslands hefur nú borist skýrsla Borgarsögusafns nr. 201/2019 *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags*. Fornleifaskráning fullnægir kröfum Minjastofnunar um skráningu vegna deiliskipulags, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019. Eins og þegar hefur verið bent á í bréfi Minjastofnunar frá 15.11.2018 eru lóðirnar innan eða í jaðri gamla heimatúns Jörfa sem er þekkt af túnakorti frá 1916. Fornleifar 100 ára og eldir eru friðaðar samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar nr. 80/2012. Staðsetning fornleifa og helgunarsvæði þeirra sýnt á mynd 36 bls. 37 í skýrslu 201. Rétt er að geta þess að búast má við fornleifum innan alls þess svæðis sem heimatún gamla býlisins náði yfir.

Bæjarhóll Jörfa er innan lóðanna Jörfagrundar 11 og 13 og Helgugrundar 12 og 14. Ef byggja ætti á þeim lóðum þarf að fara fram umfangsmikil


**Guðný Gerður  
Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Reykjavíkur og  
nágrr.  
[gudneygerdur@minjastofnun.is](mailto:gudneygerdur@minjastofnun.is)

fornleifarannsókn og búast má við þykkum mannvistarlögum á því svæði þar sem heimildir eru um búsetu á jörðinni allt frá því um 1500. Á lóðunum Jörfagrund 12, 14, 41-45 og 47-51 eru leifar fjárhúsa og má telja nokkrar líkur á að eldri byggingarstig þeirra húsa sé að finna undir þeim rústum sem sýnilegar eru yfirborði jarðar. Á lóðunum Helgugrund 9 og 11 og Búagrund 16 eru ekki skráðar fornleifar en vegna nálægðar við bæjarhólinn þyrfti að gera þar könnunarskurðir til að ganga úr skugga um hvort þar leynist minjar undir sverði og á það sama á við um allt áhrifasvæði framkvæmda þar með talin götustæði. Minjastofnun mun í framhaldi af því hvað könnunarskurðir leiða í ljós taka ákvörðun um hvort frekari rannsókn er þörf. Taka þarf sérstakt tillit til minja 293-20 sem eru rétt utan við lóðina Búagrund 16 og merkja þær sérstaklega ef byggt verður á þeirri lóð.

Ljóst er að ef á að byggja á ofangreindum lóðum mun það fela í sér kostnaðarsama fornleifarannsókn. Rétt er því að vekja athygli á að samkvæmt 28. gr. laga um menningarminjar skal framkvæmdaraðili greiða kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Minjastofnun er reiðubúin til að veita frekari ráðgjöf og funda með fulltrúum Reykjavíkurborgar ef óskað er.

Virðingarfyllst,



Guðný Gerður Gunnarsdóttir  
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:  
Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:  
Reykjavíkurborg skrifstofa eigna og atvinnuþróunar ([sea@reykjavik.is](mailto:sea@reykjavik.is))  
Hrefna Þórsdóttir ([hrefna.thorsdottir@reykjavik.is](mailto:hrefna.thorsdottir@reykjavik.is))  
Óli Örn Eiríksson ([oli.orn.eiriksson@reykjavik.is](mailto:oli.orn.eiriksson@reykjavik.is))  
Óli Jón Hertevig ([oli.jon.hertevig@reykjavik.is](mailto:oli.jon.hertevig@reykjavik.is))  
Borgarsögusafn Reykjavíkur ([minjavarsla@reykjavik.is](mailto:minjavarsla@reykjavik.is))  
Anna Lísu Guðmundsdóttir ([anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is))  
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík ([skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is))

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.